

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 61/2023

2023/EES/77/33

frá 17. mars 2023

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1930 frá 6. júlí 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 að því er varðar daginn þegar ákvæði tengd reglum um uppgjörskaup koma til framkvæmda <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bfh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 1930:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1930 frá 6. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 266, 13.10.2022, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1930, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 266, 13.10.2022, bls. 13.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.